

## AFKOMA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI Í SAMRÆMI VIÐ VÆNTINGAR STJÓRNENDA

- | Tap eftir skatta nam 26,7 milljónum USD samanborið við 18,3 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi 2013.
- | EBITDA var neikvæð um 13,3 milljónir USD samanborið við 8,3 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi 2013.
- | Kostnaður vegna aukins umfangs á háannatíma sem að miklu leyti gjaldfærast á fyrsta ársfjórðungi skýrir lækkun á EBITDA á milli ára.
- | Heildartekjur jukust um 11%.
- | Eiginfjárhlutfall var 32% í lok mars.
- | Handbært fé frá rekstri 121,4 milljónir USD samanborið við 78,5 milljónir USD árið áður.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting	12 mán. 2013
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Heildartekjur	191.277	173.045	18.232	11%	1.022.957
EBITDAR	-3.137	4.122	-7.259	-176%	189.870
EBITDA	-13.304	-8.314	-4.990	-60%	143.710
EBIT	-30.600	-22.998	-7.602	-33%	73.011
EBT	-33.362	-22.923	-10.439	-46%	71.048
Tap/hagnaður tímabilsins	-26.721	-18.289	-8.432	-46%	56.418
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Heildareignir	927.291	834.910	92.381	11%	832.875
Eigið fé	298.722	267.308	31.414	12%	346.082
Vaxtaberandi skuldir	93.727	140.506	-46.779	-33%	122.017
Handbært fé og markaðsverðbréf	259.754	165.224	94.530	57%	199.493
Nettó vaxtaberandi skuldir	-166.027	-24.718	-141.309	-	-77.476
<b>Sjóðsstreymi</b>					
Veltufé til / frá rekstri	-12.549	-1.481	-11.068	747%	162.385
Handbært fé frá rekstri	121.371	78.453	42.918	55%	230.874
Fjárfestingahreyfingar	-33.946	-40.795	6.849	-17%	-113.223
Fjármögnunarahreyfingar	-29.138	-11.239	-17.899	159%	-45.232
Handbært fé í lok tímabils	250.213	143.958	106.255	74%	191.538
<b>Lykiltölur</b>					
Afkoma á hlut US Cent	-0,54	-0,37	-0,17	-46%	1,13
Innra virði hlutafjár	7,36	6,59	0,77	12%	8,53
Eiginfjárhlutfall	32%	32%	0,2 %-stig	-	42%
Veltufjárhlutfall	0,81	0,76	0,05	7%	0,94
Fjárfestingar, þúsundir USD	30.938	43.102	-12.164	-28%	114.240
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	64%	64%	0,0 %-stig	-	69%
EBITDAR hlutfall	-1,6%	2,4%	-4,0 %-stig	-	18,6%
EBITDA hlutfall	-7,0%	-4,8%	-2,2 %-stig	-	14,0%
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>					
Hæsta verð á tímabili	19,95	11,90	8,05	68%	18,20
Lægsta verð á tímabili	17,25	8,22	9,03	110%	8,22
Lokaverð tímabils	17,90	11,35	6,55	58%	18,20
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	89.500	56.750	32.750	58%	91.000

## BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

---

„Afkoma á fyrsta ársfjórðungi er í takt við væntingar stjórnenda félagsins. Áætlanir ársins gerðu ráð fyrir neikvæðri afkomu á fjórðungnum og að hún yrði lakari en var á sama tímabili á síðasta ári. Skýrist það meðal annars af því að kostnaður tengdur auknu umfangi í starfsemi félagsins á háannatíma gjaldfærist að miklu leyti á fyrsta ársfjórðungi. Má þar nefna kostnað vegna auglýsinga og markaðssóknar, innleiðingu flugvéla og kostnað vegna bókana og umboðslauna sem tengjast háönn. EBITDA var neikvæð um 13,3 milljónir USD og lækkaði um tæpar 5,0 milljónir USD samanborið við fyrsta ársfjórðung síðasta árs.

Heildartekjur námu 191,3 milljónum USD á fjórðungnum og jukust um 11% á milli ára. Aukning farþegatekna í millilandaflugi varð mest á N-Atlantshafsmarkaðinum, en töluverð aukning varð einnig á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Leiguflugs- og fraktstarfsemi félagsins gekk vel og jókst arðsemi þessarar starfsemi á milli ára. Rekstur annarra dótturfélaga samstæðunnar gekk einnig vel og var í takt við áætlanir.

Horfur í rekstri Icelandair Group fyrir árið 2014 eru góðar. Gert er ráð fyrir metfjölda ferðamanna til Íslands á árinu sem mun hafa jákvæð áhrif á alla ferðapjónustu á Íslandi. Félagið stendur þó frammi fyrir nokkurri óvissu þar sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur boðað til ótímabundins yfirvinnubanns og verkfalls í maí mánuði. Einnig er ósamið við flugfreyjur og flugvirkja. Það er von stjórnenda Icelandair Group að samningar við þessar þrjár stéttir takist fljótlega svo ekki komi til röskunar á starfsemi félagsins. Afkomuspá félagsins stendur óbreytt og er gert ráð fyrir að EBITDA á árinu 2014 muni nema 145-150 milljónum USD.“

## FLUTNINGATÖLUR

- | Farþegar í millilandaflugi voru 397 þúsund og fjölgaði um 11%.
- | Sætanyting í millilandaflugi var 74,3%.
- | Seldum blokk tímum í leiguflegsverkefnum fækkaði um 15% á milli ára.

	1.ársfj. '14	1. ársfj. '13	% br.
<b>MILLILANDAFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	397,3	358,1	11%
Sætanyting (%)	74,3	74,1	0,2 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	1.578,5	1.369,2	15%
<b>INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG</b>			
Farþegafjöldi ('000)	65,1	70,5	-8%
Sætanyting (%)	70,5	70,7	-0,2 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	29,5	31,5	-6%
<b>LEIGUFLUG</b>			
Flotanýting (%)	100%	82%	18,0 %-stig
Seldir blokk tímur	6.113	7.225	-15%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>			
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	42.828	40.100	7%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	24.285	22.512	8%
<b>HÓTEL</b>			
Framboðnar gistinætur	66.569	66.600	0%
Seldar gistinætur	44.812	41.891	7%
Herbergjanýting (%)	67,3	62,9	4,4 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 15% á fyrsta ársfjórðungi. Aukning framboðs á flugleiðum til N-Ameríku var 22% en um 5% til Evrópu. Rúmlega helmingur aukningarinnar til N-Ameríku skýrist af aukinni tíðni til núverandi áfangastaða, sérstaklega Toronto og Washington. Það sem eftir stendur skýrist af flugi til nýrra áfangastaða, Edmonton og New York (Newark).

Farþegar í millilandaflugi voru um 397 þúsund á fyrsta ársfjórðungi og fjölgaði um 11% samanborið við fyrsta ársfjórðung á síðasta ári. Farþegaaukning varð á öllum mörkuðum, en mest var hún á markaðinum yfir N-Atlantshafið þar sem hún nam rúmum 19%. Aukning á ferðamannamarkaðinum til Íslands var 11%. Sætanyting var 74,3% samanborið við 74,1% á sama tímabili á síðasta ári.

Farþegar í innanlandsflugi og flugi til Grænlands voru rúmlega 65 þúsund á fjórðungnum og fækkaði um 8% miðað við síðasta ár. Framboð var 6% minna en á sama tímabili í fyrra. Sætanyting á fjórðungnum nam 70,5% og lækkaði um 0,2 prósentustig á milli ára. Seldum blokk tímum í leiguflogi á fjórðungnum fækkaði um 15% á milli ára. Flutt frakt í áætlunarflugi jókst frá fyrra ári um 8%. Fjöldi seldra gistinotta jókst um 7% á fyrsta ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 67,3% miðað við 62,9% á sama tímabili á síðasta ári.

## REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting
EBITDAR	-3.137	4.122	-7.259
EBITDA	-13.304	-8.314	-4.990
EBIT	-30.600	-22.998	-7.602
EBT	-33.362	-22.923	-10.439
Tap tímabilsins	-26.721	-18.289	-8.432
EBITDAR %	-1,6%	2,4%	-4,0 %-stig
EBITDA %	-7,0%	-4,8%	-2,2 %-stig

EBITDA var neikvæð um 13,3 milljónir USD og lækkaði um 5,0 milljónir USD á milli ára. EBITDA-hlutfall var -7,0% á fyrsta ársfjórðungi en var -4,8% á sama tímabili 2013. Þegar afkomuspá fyrir árið 2014 var gefin út í byrjun ársins var tekið fram að afkoma fyrsta ársfjórðungs myndi versna á milli ára. Skýrist það af kostnaði vegna aukins umfangs á háannatíma sem gjaldfærast á fyrri hluta ársins, sbr. markaðskostnað, innleiðingakostnað nýrra flugvéla, bókunar- og umboðslaunagjöld og kreditkortapóknarir. EBIT var -30,6 milljónir USD samanborið við -23,0 milljónir USD á sama tímabili árið 2013. Tap eftir skatta var 26,7 milljónir USD en á sama tímabili 2013 nam tapið 18,3 milljónum USD. EBITDAR var -3,1 milljón USD samanborið við 4,1 milljón USD á fyrsta ársfjórðungi 2013.

## TEKJUR

- Heildartekjur voru 11% hærrí en á fyrsta ársfjórðungi 2013.
- Farþegatekjur jukust um 10% á milli ára.
- Aðrar rekstrartekjur jukust um 38%.

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting	% af tekjum 2014
Flutningatekjur:	121.580	110.067	11.513	10%	64%
Farþegaflug	110.392	99.976	10.416	10%	58%
Vöru- og póstflutningar	11.188	10.091	1.097	11%	6%
Flugvéla- og áhafnaleiga	21.961	28.352	-6.391	-23%	11%
Aðrar rekstrartekjur	47.736	34.626	13.110	38%	25%
<b>Samtals</b>	<b>191.277</b>	<b>173.045</b>	<b>18.232</b>	<b>11%</b>	<b>100%</b>

Flutningatekjur jukust um 11,5 milljónir USD eða um 10%, þar af hækkuðu farþegatekjur um 10,4 milljónir USD. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu drógust saman um 6,4 milljónir USD eða 23% vegna færri flugvéla í leiguflugsverkefnum á tímabilinu. Aðrar rekstrartekjur námu 47,7 milljónum USD og hækkuðu um 13,1 milljón USD eða um 38% miðað við fyrsta ársfjórðung 2013. Tekjur af seldri viðhaldsþjónustu jukust töluvert, sem skýrist af seldri ráðgjöf og innleiðingu á nýju afþreyingarkerfi og sætum í vélar fyrir viðskiptavini. Á móti hækkar kostnaður, sbr. skýringu á viðhaldskostnaði flugvéla í umfjöllun um kostnað hér á eftir.

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	9.225	7.827	1.398	18%
Tekjur af ferðaþjónustu	13.303	11.727	1.576	13%
Afgreiðslu og þjónustutekjur af flugfrakt	8.132	7.413	719	10%
Seld viðhaldsþjónusta	9.141	1.289	7.852	609%
Söluhagnaður fastafjármuna	69	61	8	13%
Aðrar rekstrartekjur	7.866	6.309	1.557	25%
<b>Samtals</b>	<b>47.736</b>	<b>34.626</b>	<b>13.110</b>	<b>38%</b>

## KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður jókst um 23,2 milljónir USD.
- Kostnaðarhækkunarir eru að mestu tilkomnar vegna aukins framboðs í millilandaflugi.
- Innleiðingar-, bókunar- og umboðslaunakostnaður vegna aukins framboðs á háannatíma er að stóru leyti gjaldfærður á fjórðungnum.

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting	% af kostnaði 2014
Laun og annar starfsmannakostnaður	60,889	52,530	8,359	16%	30%
Eldsneytiskostnaður	47,971	43,596	4,375	10%	23%
Flugvéla- og áhafnaleiga	6,007	9,388	-3,381	-36%	3%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	14,372	12,676	1,696	13%	7%
Viðhaldskostnaður flugvéla	21,067	18,403	2,664	14%	10%
Annar rekstrarkostnaður	54,275	44,766	9,509	21%	27%
<b>Samtals</b>	<b>204,581</b>	<b>181,359</b>	<b>23,222</b>	<b>13%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 8,4 milljónir USD eða 16% í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2013. Skýrist það af auknu umfangi rekstrar ásamt áhrifa samningsbundinna launahækkana.

Eldsneytiskostnaður jókst um 4,4 milljónir USD sem er 10% hækkun frá sama tíma í fyrra og skýrist af auknu umfangi í millilandaflugi. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti var að meðaltali 977 USD/tonn á fyrsta ársfjórðungi 2014 samanborið við 1.038 USD/tonn á sama tímabili 2013.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2013 um 3,4 milljónir USD eða 36%. Skýrist það af færri flugvélum á rekstrarleigu auk lækkunar á leigu.

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkuðu um 1,7 milljónir USD á milli ára eða um 13% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum. Viðhaldskostnaður nam 21,1 milljón USD. Þar af nam kostnaður tengdur viðhaldi fyrir viðskiptamenn, sbr. skýringu á auknum tekjum af viðhaldsþjónustu hér að ofan, 7,5 milljónum USD. Annar rekstrarkostnaður nam 54,3 milljónum USD og hækkaði um 9,5 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	5,569	4,700	869	18%
Samskiptakostnaður	4,422	3,504	918	26%
Auglýsingakostnaður	5,812	5,267	545	10%
Bókunargj., kreditkortabókun og umboðslaun	12,256	9,387	2,869	31%
Kostnaðarverð seldra vara	4,427	3,921	506	13%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	3,574	2,230	1,344	60%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	7,151	6,136	1,015	17%
Tapaðar kröfur	3,834	2,115	1,719	81%
Annar rekstrarkostnaður	7,230	7,506	-276	-4%
<b>Samtals</b>	<b>54,275</b>	<b>44,766</b>	<b>9,509</b>	<b>21%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

### Gengisáhrif voru neikvæð á tímabilinu

Púsundir USD	1. ársfj. 2014	1. ársfj. 2013	Breyting	% Breyting
Fjármagnstekjur	460	698	-238	-34%
Fjármagnsgjöld	-1.898	-2.521	623	-25%
Gengisáhrif	-1.249	1.852	-3.101	-167%
<b>Samtals</b>	<b>-2.687</b>	<b>29</b>	<b>-2.716</b>	<b>-</b>

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 1,9 milljónum USD og lækkuðu um 0,6 milljónir USD á milli ára. Gengisáhrif á fjórðungnum voru neikvæð að fjárhæð 1,2 milljónum USD, en voru jákvæð að fjárhæð 1,9 milljónum USD á sama tímabili árið 2013. Vegna skulda umfram eignir í íslenskum krónum í efnahagsreikningi veldur styrking krónunnar á móti bandaríkjadal gengistapi á fjórðungnum.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

Heildareignir námu 927,3 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.

Eiginfjárhlutfall var 32%.

Vaxtaberandi skuldir námu 93,7 milljónum USD og lækka frá byrjun árs.

Púsundir USD	31.03.2014	31.12.2013	Breyting	31.03.2013
Heildareignir	927.291	832.875	94.416	834.910
Eigið fé	298.722	346.082	-47.360	267.308
Vaxtaberandi skuldir	93.727	122.017	-28.290	140.506
Nettó vaxtaberandi skuldir	-166.027	-77.476	-88.551	-24.718
Handbært fé og markaðsverðbréf	259.754	199.493	60.261	165.224
Eiginfjárhlutfall	32%	42%	-9 %-stig	32%
Veltufjárhlutfall	0,81	0,94	-14%	0,76

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 310,9 milljónum USD og jukust um 11,8 milljónir USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess. Í lok fjórðungsins voru 37 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 27 í eigu félagsins. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

Flugvéla-gerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfélag Íslands	Flugfloti 31.03.14	Flugfloti 31.12.13	Eigin vélar	Leigu-vélar	Breyt. frá 31.12.13
B757 200	19	3	2		24	23	19	5	1
B757 300	1				1	1	1		0
B767 300			2		2	3		2	-1
B737 700			1		1	1		1	0
B737 800			2		2	2		2	0
Fokker F-50				5	5	5	5		0
Dash 8-200				2	2	2	2		0
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>3</b>	<b>7</b>	<b>7</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>27</b>	<b>10</b>	<b>0</b>

Eigið fé nam 298,7 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárhlutfallið var 32%. Arður sem samþykktur var á aðalfundi í mars var færður til skuldar og til lækunar á eigin fé, en hann var greiddur út í apríl. Arðurinn nam 0,38 US sent á hvern hlut og var samtals 19,1 milljón USD. Í árslok 2013 var eiginfjárhlutfallið 42%.

Vaxtaberandi skuldir námu 93,7 milljónum USD, samanborið við 122,0 milljónir USD í ársbyrjun. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 29,1 milljón USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 259,8 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2014 samanborið við 199,5 milljónir USD í byrjun árs. Nettó vaxtaberandi skuldir voru því neikvæðar að fjárhæð 166,0 milljónum USD í lok fjórðungsins og lækkuðu um 88,6 milljónir USD frá áramótum.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2014</b>	<b>31.12.2013</b>	<b>Breyting</b>	<b>31.03.2012</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	74.600	78.489	-3.889	91.088
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	19.127	43.528	-24.401	49.418
Markaðsverðbréf	9.541	7.955	1.586	21.266
Handbært fé	250.213	191.538	58.675	143.958
<b>Nettó vaxtaberandi skuldir</b>	<b>-166.027</b>	<b>-77.476</b>	<b>-88.551</b>	<b>-24.718</b>

## SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- | **Handbært fé í lok mars var 250,2 milljónir USD.**
- | **Fjárfestingar námu samtals 30,9 milljónum USD.**
- | **Afborganir langtímalána námu 29,1 milljón USD.**

<b>Þúsundir USD</b>	<b>1. ársfj. 14</b>	<b>1. ársfj. 13</b>	<b>Breyting</b>
Veltufé til rekstrar	-12.549	-1.481	-11.068
Handbært fé frá rekstri	121.371	78.453	42.918
Fjárfestingahreyfingar	-33.946	-40.795	6.849
Fjármögnunarahreyfingar	-29.138	-11.239	-17.899
Handbært fé, breyting	58.287	26.419	31.868
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>250.213</b>	<b>143.958</b>	<b>106.255</b>

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 121,4 milljónum USD og jókst um 42,9 milljónir USD miðað við fyrsta ársfjórðung 2013. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 27,4 milljónum USD. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu 3,5 milljón USD.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>1. ársfj. 14</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	19.958
Hreyflayfirhöl eigin vélar	4.978
Aðrar fjárfestingar	2.477
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	27.413
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	2.995
Óefnislegar eignir	530
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>30.938</b>

Afborganir langtímalána námu 29,1 milljón USD á fjórðungnum. Handbært fé á fjórðungnum jókst um 58,3 milljónir USD. Aukning á sama tíma á síðasta ári nam 26,4 milljónum USD.

## HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | **Arðbær innri vöxtur á árinu 2014 áætlaður.**
- | **Óvissa vegna verkfallsboðunar flugmanna.**

Horfur í rekstri Icelandair Group fyrir árið eru almennt góðar. Áframhaldandi arðbær innri vöxtur er ráðgerður og flugáætlun félagsins í millilandaflugi er áætluð um 18% umfangsmeiri en á árinu 2013.

Gert er ráð fyrir metfjölda ferðamanna til Íslands sem hefur jákvæð áhrif á alla ferðaþjónustu á Íslandi. Helsta óvissan sem félagið stendur frammi fyrir er vegna opinna kjarasamninga við þrjár stéttir innan samstæðunnar; flugmenn, flugfreyjur og flugvirkja. Þessum stéttarfélögum hefur verið boðinn sambærilegur samningur og samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði og um helmingur starfsmanna Icelandair Group samþykkti í upphafi árs 2014. Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur ekki viljað semja við félagið á þessum forsendum og hefur boðað til ótímabundins yfirvinnubanns flugmanna frá kl. 6:00 þann 9. maí 2014. Þá hefur FÍA einnig boðað til verkfalls á fimm dagsetningum í maí sem munu standa yfir í 12-96 tíma í senn. Það er von stjórnenda Icelandair Group að samningar við þessa þrjá hópa takist fljótlega svo ekki komi til röskunar á starfsemi félagsins.

Í millilandastarfsemi félagsins gætir aukinnar samkeppni, sérstaklega á markaðinum á milli Skandinavíu og N-Ameríku og á Bretlandsmarkaði. Vegna þessa lítur út fyrir að farþegatekjur á öðrum ársfjórðungi verði undir væntingum. Bókunarstaða fyrir seinni hluta ársins lítur hins vegar vel út og er gert ráð fyrir að áætlaðar farþegatekjur á því tímabili muni nást eða verða umfram áætlanir.

Fraktstarfsemi félagsins gengur vel. Félagið hyggst draga sig alfarið úr leiguflygsstarfsemi á fraktmörkuðum og mun í byrjun júlí skila vél sem sinnir slíkum verkefnum í dag. Í framhaldi af því munu tvær fraktvélar sinna áætluarflugi með frakt ásamt því að lestar farþegavéla í millilandaflugi eru nýttar til fraktflutninga. Rekstur annarra dótturfélaga samstæðunnar gengur einnig vel og er ráðgert að afkoma þeirra á árinu 2014 verði í takt við áætlanir.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

2014	Áætluð notkun (tonn)	Valréttir	Skipta-samningar	Samtals	Hlutfall varið	Meðalverð skipta-samninga USD	Kaup-réttarverð	Sölu-réttarverð
Apríl	15.716	0	9.200	9.200	59%	992		
Maí	22.106	0	11.200	11.200	51%	969		
Júní	27.838	0	14.300	14.300	51%	984		
Júlí	29.707	4.000	11.400	15.400	52%	977	1.000	924
Ágúst	29.686	9.000	6.400	15.400	52%	970	1.000	928
September	24.486	8.000	5.200	13.200	54%	998	1.000	932
Október	19.177	6.000	4.200	10.200	53%	990	1.000	937
Nóvember	16.141	0	3.200	3.200	20%	963		
Desember	15.031	0	3.200	3.200	21%	964		
<b>Samtals</b>	<b>199.888</b>	<b>27.000</b>	<b>68.300</b>	<b>95.300</b>	<b>48%</b>			

## EBITDA SPÁ 2014

Í byrjun árs gaf Icelandair Group út EBITDA spá fyrir árið 2014 sem nam 145-150 milljónum dala. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að sú spá standi óbreytt. Forsendur spárinnar gera ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,35 á tímabilinu apríl – desember og við mat á eldsneytiskostnaði er verðið áætlað 1.000 USD/tonn.

Líkt og greint var frá í byrjun árs stendur millilandastarfsemi Icelandair Group frammi fyrir aukinni samkeppni, sérstaklega á markaðinum á milli Skandinavíu og N-Ameríku og á Bretlandsmarkaði. Við gerð afkomuspárinnar hefur verið tekið tillit til þessa og er nú áætlað að farþegatekjur muni verða lægri á öðrum ársfjórðungi en ráðgert var í upphafi árs. Bókunarstaða fyrir seinni hluta ársins er sterk og gefur til kynna að tekjur á því tímabili muni nást eða verða yfir áætlun. Við gerð afkomuspárinnar er



ekki tekið tillit til áhrifa yfirvinnubanns flugmanna og boðaðs verkfalls, þar sem óvissa ríkir um hvort af aðgerðunum verði og þá hvaða áhrif þær munu hafa á afkomu Icelandair Group á árinu.

## LYKILSTÆRÐIR ÚR REKSTRARREIKNINGI ÁRSINS 2013 EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM

Framsetning á einstaka liðum í rekstrarreikningi er önnur í rekstrarreikningi ársins 2014 en árið 2013. Núverandi framsetning gefur réttari mynd af rekstrinum. Hér að neðan má sjá ársfjórðungsuppgjör frá árinu 2013 þar sem tillit hefur verið tekið til þessara breytinga.


	1. ársfj. '13	2. ársfj. '13	3. ársfj. '13	4. ársfj. '13	2013
Flutningatekjur	110.067	188.170	264.430	140.215	702.882
Flugvéla- og áhafnaleiga	28.352	29.563	28.829	31.225	117.969
Aðrar rekstrartekjur	34.626	47.867	78.403	41.209	202.105
<b>Tekjur samtals</b>	<b>173.045</b>	<b>265.600</b>	<b>371.662</b>	<b>212.650</b>	<b>1.022.957</b>
Laun og annar starfsmannakostnaður	52.280	63.501	61.518	62.133	239.432
Eldsneytiskostnaður	43.596	64.434	80.605	53.995	242.630
Flugvéla- og áhafnaleiga	9.638	8.504	8.927	7.501	34.570
Afgreiðslu-, lendingar og yfirflugsgjöld	12.676	19.516	25.533	16.590	74.316
Viðhaldskostnaður flugvéla	18.403	19.273	26.744	17.056	81.475
Annar rekstrarkostnaður	44.766	47.435	66.094	48.529	206.824
<b>EBITDA</b>	<b>-8.314</b>	<b>42.936</b>	<b>102.241</b>	<b>6.847</b>	<b>143.710</b>
<b>EBIT</b>	<b>-22.998</b>	<b>24.769</b>	<b>82.168</b>	<b>-10.928</b>	<b>73.011</b>
<b>EBT</b>	<b>-22.923</b>	<b>23.305</b>	<b>81.851</b>	<b>-11.185</b>	<b>71.048</b>
<b>Hagnaður / tap</b>	<b>-18.289</b>	<b>18.490</b>	<b>65.325</b>	<b>-9.108</b>	<b>56.418</b>

## HLUTHAFAR

- Hlutabréfaverð Icelandair Group lækkaði um 1,6% frá áramótum.
- Markaðsvirði í lok mars var 89,5 milljarðar íslenskra króna.

Markaðsvirði félagsins nam 89,5 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2014. Lokaverð fjórðungsins var 17,90 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórðungnum var 19,95 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 17,25 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 18,78 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 31. mars 2014 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um 1,6% á fyrsta ársfjórðungi 2014 og fjöldi hluthafa var 1.993 í lok mars og fjölgaði um 160 frá upphafi árs.

### Hlutabréfaverð og velta - þróun á fyrsta ársfjórðungi 2014:



## **KYNNINGARFUNDUR 2. MAÍ 2014**

---

Opinn kynningafundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 2. maí 2014 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## **SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS**

---

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjörs fyrsta ársfjórðungs 2014 var samþykktur á stjórnarfundum þann 30. apríl 2014.

## **FJÁRHAGSDAGATAL**

---

- | Uppgjör 2. ársfjórðungs - 31. júlí 2014
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs - 30. október 2014
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs - 5. febrúar 2015

## **FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA**

---

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801